

TRJÁGRÓÐUR Í GARÐABÆ

GARÐABÆR SETUR MARKMIÐ UM TRJÁGRÓÐUR Á LÓÐUM ÍBÚA, FYRIRTÆKJA, STOFNANA OG OPINNA SVÆÐA.

Tilgangurinn er að upplýsa um þær reglur og viðmið sem Garðabær hefur sett sér með það að markmiði að vera gróðursæll og snyrtilegur bær. Tilgangurinn er einnig að fræða almenning um hvaða gróður hentar til notkunar á lóðum, m.t.t. stærðar og rýmis.

Trjágróður hefur mikil áhrif á götumynd bæjarins til fegrunar og skapar einnig betri skilyrði fyrir útiveru með því að skýla fyrir veðri, vindum og binda ryk. Mikilvægt er að garðeigendur sinni umhirðu og viðhaldi trjágróðurs af alúð. Fallegur og heilbrigður trjágróður bætir yfirbragð bæjarins.

Ákjósanlegt er að leita til fagfólks ef aðstoðar og leiðbeiningar er þörf til að koma í veg fyrir skemmdir á trjágróðri. Röng umhirða getur komið niður á heilbrigði gróðursins. Einnig ber að hafa í huga að gömul tré geta verið verðmæt og haft menningarsögulegt gildi.

Illa hirtur trjágróður og rangt staðsettur, til dæmis á lóðarmörkum

getur valdið óþægindum gagnvart gangandi umferð, tafið snjómokstur og aðra þjónustu á gönguleiðum. Gróður sem vex inn á gönguleiðir getur valdið mikilli hættu fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur og skemmdum á þjónustutækjum.

Tegundaval getur verið vandasamt þegar valinn er trjágróður og fjölærar jurtir í garðinn. Mikilvægt er að leita sér upplýsinga varðandi tegundaval því framtíðarsýn þarf að vera skýr.

Leiðbeina skal bæjarbúum um ágengar tegundir og um tegundir sem óæskilegt er að breiðist út í náttúruna. Gróðursetning ágengra tegunda spillir opnum svæðum við læki og í hraunum. Einnig geta hávaxnar tegundir valdið ýmsum óþægindum eins og skuggamyndun.

Það er von umhverfisnefndar að þessi markmið verði til að auka áhuga og þekkingu bæjarbúa um aðferðir við val á tegundum og staðsetningu með tilliti til rýmis og umhirðu trjágróðurs.

LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM:

- Garðyrkjustjóri geri árlega úttekt vegna trjágróðurs á lóðarmörkum.
- Upplýsingar/áminning verði send bæjarbúum þar sem þörf er á, þar sem vísað verði á leiðbeiningar á vef Garðabæjar.
- Boðið verði upp á námskeið um umhirðu garðagróðurs og tegundaval.
- Gefið verði út fræðsluefni (bæklingur), sbr. Trjágróður á lóðum.
- Upplýsingum séu viðhaldið á vef Garðabæjar, sbr. www.gardabaer.is/umhverfi/grodur-a-lodum/
- Garðyrkjustjóri veiti ráðgjöf til íbúa, m.a. varðandi fellingingu trjáa.
- Ábending Umferðarstofu, um ástand gróðurs og umferðaöryggi.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 7.2. kafli um lóðir og opin svæði.



GARÐABÆR